

Sóknaráætlun í loftslagsmálum

Stöðuskýrsla um framgang verkefna



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Október 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Orkuskipti í samgöngum.....	3
2. Rafbílar – efling innviða á landsvísu	4
3. Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun.....	5
4. Loftslagsvænn landbúnaður – vegvísir um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.....	7
5. Efling í skógrækt og landgræðslu.....	8
6. Endurheimt votlendis	9
7. Átak gegn matarsóun	10
8. Kolefnisjöfnun.....	11
9. Stofnun alþjóðlegs jarðhitasambands - Global Geothermal Alliance.....	12
10. Framlög til loftslagsvænnar þróunaraðstoðar – Landgræðsluskólinn.....	13
11. Loftslagsverkefni á norðurslóðum – sótt- og metanmengun	14
12. Græni loftslagssjóðurinn – framlög til loftslagsvænnar þróunaraðstoðar	15
13. Vísindaskýrsla um afleiðingar loftslagsbreytinga á Íslandi	16
14. Aðlögun að loftslagsbreytingum.....	17
15. Bætt loftslagsbókhald og spár um losun og kolefnisbindingu.....	18
16. Íslenskir jöklar – lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar	19

Inngangur

Sóknaráætlun í loftslagsmálum var sett fram í aðdraganda 21. aðildarríkjaþings loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í París í desember 2015 (COP21).

Í áætluninni eru sett fram 16 verkefni sem miða að því að draga úr losun, auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti, styðja alþjóðleg loftslagsverkefni og efla getu stjórnvalda til að takast á við strangari skuldbindingar í loftslagsmálum. Með verkefnunum er áhersla lögð á samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs um að draga úr losun í tilteknum greinum og ýta undir nýsköpun og loftslagsvænar lausnir. Verkefnin í áætluninni eru viðbót við annað starf í loftslagsmálum, en sóknaráætlunin er fyrsta heildstæða áætlunin í loftslagsmálum á Íslandi sem byggir á fjármögnum verkefnum.

Heildarfjármögnun verkefna undir hatti sóknaráætlunar í loftslagsmálum nemur árið 2016 rúmlega 250 m.kr. og eru verkefnin flest fjármögnuð til þriggja ára.

Í meðfylgjandi yfirliti er gerð grein fyrir markmiðum hvers verkefnis, stöðu þeirra á haustmánuðum 2016, næstu skrefum og fjármögnun. Verkefnin eru öll farin af stað, en komin mislangt á veg, enda eru þau misjöfn að stærð og umfangi og þau stærstu samanstanda af mörgum ólíkum verkþáttum.

Í árslok 2017 er gert ráð fyrir að aftur verði birt yfirlit yfir stöðu og framgang þeirra verkefna sem hér er fjallað um.

Verkefnin 16 í sóknaráætluninni eru eftirtalin:

Samdráttur í losun - 8 verkefni

1. Orkuskipti í samgöngum
2. Rafbílar - átak í innviðum
3. Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun
4. Loftslagsvænni landbúnaður
5. Efling í skógrækt og landgræðslu
6. Endurheimt votlendis
7. Átak gegn matarsóun
8. Kolefnisjöfnun

Alþjóðlegar áherslur og verkefni til að draga úr losun á heimsvísu – 4 verkefni

9. Stofnun alþjóðlegs jarðhitasambands - Global Geothermal Alliance
10. Loftslagsvæn þróunaraðstoð - styrking Landgræðsluskólans
11. Loftslagsverkefni á Norðurslóðum
12. Græni loftslagssjóðurinn - aukning í styrkjum til þróunarríkja

Styrking innviða – 4 verkefni

13. Vísindaskýrsla - afleiðingar loftslagsbreytinga
14. Aðlögun að loftslagsbreytingum
15. Bætt loftslagsbókhald
16. Íslenskir jöklar - lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar

1. Orkuskipti í samgöngum

Ábyrgðaraðili: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Tengiliður: Erla Sigríður Gestsdóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Aðgerðaáætlun til næstu ára vegna orkuskipta, jafnt á landi sem á hafi, var lögð fram á Alþingi sem tillaga til þingsályktunar á vörþingi 2016. Áætlunin var unnin á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Grænu orkunnar, sem er samstarfsvettvangur um orkuskipti, sem miðar að því að auka hlut visthæfra innlendra orkugjafa á kostnað innflutts kolefnaeldsneytis.

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér það markmið að árið 2020 verði hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum orðið 10% og mun starf á grunni væntanlegrar þingsályktunar miða að því að ná því marki.

Staða verkefnisins

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mælti fyrir þingsályktunartillögu á Alþingi 22. ágúst 2016 og var málið í kjölfarið sent til umfjöllunar í atvinnuveganefnd.

Næstu skref

Afgreiðsla atvinnuveganefndar á tillögunni.

Fjárframlög til verkefnisins

Engin sérstök framlög voru eyrnamerkt verkefninu.

Ítarefni

- Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti.
<http://www.althingi.is/alttext/pdf/145/s/1405.pdf>

2. Rafbílar – efling innviða á landsvísu

Ábyrgðaraðili: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Tengiliður: Erla Sigríður Gestsdóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Átak verður gert til að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu á komandi árum. Mikil aukning hefur orðið í framboði og sölu rafbíla að undanfögnu, en margir telja að ónógir innviðir geti hamlað frekari þróun. Til lengri tíma er reiknað með því að uppbygging innviða, s.s. hraðdælna á rafmagni verði sjálfbær, þar sem margir hafa hag af því að setja upp rafdælur. Það er þó talið rétt að ríkisvaldið styrki tímabundið átak til að byggja upp innviði fyrir rafbíla þannig að hægt sé að tryggja aðgengi sem flestra landsmanna að loftslagsvænum samgöngumáta, sem hefur nýlega orðið aðgengilegur almenningi. Vanda þarf til verka hvað þetta varðar og taka tillit m.a. til samkeppnisjónarmiða. Einnig þarf að horfa til reynslu annarra þjóða af verkefnum af þessu tagi, svo sem Norðmanna, en þeir hafa náð miklum árangri í þessum málum. Grænu orkunni, samstarfsvettvangi um orkuskipti í samgöngum, verður falið að útfæra slíkt átak, sem verður felld inn í framangreinda aðgerðaáætlun um orkuskipti sem lögð var fram á Alþingi á vorþingi 2016. Sett verður til hliðar fjármagn til að tryggja að hægt verði að vinna að þessu verkefni strax á næsta ári.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fól Orkusjóði að auglýsa eftir styrkumsóknum til verkefna.

Staða verkefnisins

Í júní 2016, auglýsti Orkusjóður eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar á innviðum fyrir hleðslu rafbíla, með umsóknarfresti til 1. október 2016. Í auglýsingunni var lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Að verkefnið auki aðgengi sem flestra landsmanna að innviðum fyrir hleðslu rafbíla á landsvísu. Sérstaklega skal þar horft til aðgengis að innviðum á s.k. vinnusóknarsvæðum.
- Að rekstur þeirra innviða sem umsókn snýr að verði tryggður í a.m.k. þrjú ár.
- Upplýsingagjöf til neytenda og opinberra aðila.

Næstu skref

Alls bárust 33 umsóknir frá sveitarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum. Unnið er að því að vinna úr umsóknum og að því loknu verður gerð tillaga til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um verkefni sem lagt er til að verði styrkt. Tillögur til ráðherra skulu liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því að umsóknarfresti lýkur, þ.e. eigi síðar en 1. desember 2016.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins nema 67 m.kr. á ári í þrjú ár (2016-2018).

Ítarefni

- <http://os.is/gogn/Frettir/Auglysing-Orkusjodur-innvidir-fyrir-rafbila.pdf>

3. Vegvísir íslensks sjávarútvegs um samdrátt í losun

Ábyrgðaraðili: Hafið – öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins

Tengiliður: Sigríður Ragna Sverrisdóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að leggja mat á tækifæri og hindranir við að draga úr losun í sjávarútvegi með innleiðingu nýrrar loftslagsvænnar tækni og markvissra aðgerða á öðrum sviðum, með það að markmiði að draga úr losun koldíoxíðs (CO₂) um 40% til 2030 miðað við 1990.

Staða verkefnisins

Verkefnið samanstendur af nokkrum verkþáttum og er hér greint frá framgangi þeirra:

1. Notkun vistvænna orkugjafa; rafvæðing og vistvænir orkugjafar
 - Rafvæðing skipa í höfn. Unnið að heildstæðri yfirsýn yfir orkuþörf og tengibúnað, fjölda daga í höfn og framboð orku. Komið hefur verið á samstarfi við útgerðaraðila, Samgöngustofu, hafnayfirvöld og þá sem sjá um dreifingu og sölu á raforku.
 - Hönnun og smíði á 48 m línuskipi sem gengur fyrir raforku á rafgeymum sem hlaðnir eru þegar skipið er í höfn og metanóli sem framleitt er á Íslandi. Útgerðarmenn hafa þegar sýnt smíði skips af þessu tagi mikinn áhuga.
 - Unnið er að vefviðmóti og gagnagrunni sem sýnt getur skipstjórnarfólki og útgerðaraðilum fram á breytingar á umhverfisáhrifum af útblástri skipa fyrir hefðbundið eldsneyti annars vegar og vistvænni kosti hins vegar. Gert er ráð fyrir að samanburðarreiknivél þessi verði tilbúin í lok árs 2016 eða byrjun árs 2017.
2. Bætt orkunýting
 - Bent verður á leiðir til að innleiða fyrirbyggjandi tækni til betri orkunýtni og til orkusparnaðar með léttari búnaði og sértækri hönnun. Verður unnið árið 2017.
 - Framsetning kerfa og kerfishönnun fyrir vistvænt skip mun sýna fram á kosti bættrar orkunýtingar. Þessir þættir verða kynntir með verkefninu um vistvæna skipið (sjá að ofan).
3. Greining og tillögur um lagaramma:
 - Unnið verður að heildstæðri yfirsýn laga og regluverks er varðar umhverfismál í sjávarútvegi. Áætlað að fyrstu drög liggi fyrir í júlí 2017.
4. Stuðningur við vistvænar tæknilausnir.
 - Gert ráð fyrir að fyrstu tillögur liggi fyrir í árslok 2017.
5. Uppbygging þekkingar, samskipti og miðlun upplýsinga.
 - Unnið er í samstarfshópum að verkefnum sem tengjast öllum verkþáttum Vegvísisins. Áhersla er lögð á að tryggja framvindu verkefna og þátttöku viðkomandi aðila.
6. Greining og gerð tillagna um meðferð á sorpi, skólpi og kjölfestuvatni frá skipum.
 - Fyrstu drög lögð fram á árinu 2017.
7. Lögfylgni og eftirlit með umhverfisframmistöðu skipa.
 - Verkefnið er komið vel af stað og verður kynnt í upphafi árs 2017.

Næstu skref

Allir verkþættir verkefnisins um Vegvísi um vistvæna starfsemi íslensks sjávarútvegs eru komir á góðan reksþöl og verður áfram unnið að því að ná heildstæðri yfirsýn yfir stöðu mála hvað varðar orkuþörf skipa í höfn, orkuframboð og tengimöguleika. Framboð á umhverfisvænu eldsneyti verður

einnig skoðað sérstaklega. Unnið verður áfram að verkefninu um vistvænt skip og því að tryggja brautargengi þess.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins nema 10 m.kr. á ári í þrjú ár (2016-2018).

Ítarefni

- Hafið, öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins: www.hafid.info
- Sjávarútvegsráðstefna: Iceland Fishing Expo 2016:
<https://icelandfishexpo.artegis.com/lw/CustomContent?T=1&custom=1571&navid=13760&event=11788>
- Ráðstefnan Making Marine Applications Greener: <http://nordbio2016.yourhost.is/marina-4-october/>

4. Loftslagsvænn landbúnaður – vegvísir um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn um loftslagsvænan landbúnað

Tengiliður: Ingveldur Sæmundsdóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að greina helstu þætti í íslenskum landbúnaði sem valda losun gróðurhúsalofttegunda og leita leiða til draga úr þeirri losun. Til að ná því markmiði skal vinna að vegvísi með tillögum að raunhæfum loftslagsvænum lausnum fyrir landbúnaðinn.

Staða verkefnisins

Í apríl 2016 var undirritað samkomulag um loftslagsvænni landbúnað milli Bændasamtaka Íslands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í kjölfarið tók verkefnisstjórn til starfa, sem mun hafa umsjón með gerð vegvísisins. Í verkefnisstjórninni eiga sæti tveir fulltrúar Bændasamtaka Íslands, einn fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, og þrír fulltrúar umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra er formaður verkefnisstjórnar.

Í júní 2016 var gerður samningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands um greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði. Drög að greinargerð Landbúnaðarháskólans liggja fyrir. Þar koma m.a. fram helstu þættir í losun landbúnaðar á Íslandi, lykiltölur um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda, upplýsingar um gæði gagna og hvar er þörf á frekari þekkingu.

Næstu skref

Verkefnisstjórn mun meta hvort ráðast þurfi í frekari rannsóknir til að bæta þekkingu á losun frá íslenskum landbúnaði. Einnig hefur komið til greina að leita samstarfs við bú í mismunandi búgreinum til að leggja mat á og kynna hvernig ólíkar aðgerðir geti skilað árangri til samdráttar í losun. Greining losunar og upplýsingar um árangur mismunandi aðgerða verða nýttar til að útbúa vegvísi til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins nema 10 m.kr. á ári í þrjú ár (2016-2018).

5. Efling í skógrækt og landgræðslu

Ábyrgðaraðili: Landgræðsla ríkisins, Skógræktin, Skógræktarfélag Íslands, Hekluskógar

Tengiliður: Guðmundur Stefánsson, Landgræðslu ríkisins; Þróstur Eysteinnsson, Skógræktinni; Brynjólfur Jónsson, Skógræktarfélagi Íslands; Hreinn Óskarsson, Hekluskógum og Björn Helgi Barkarson, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri með aukinni gróðursetningu trjáplantna og uppgræðslu gróðurvana lands.

Staða verkefnisins

Landgræðslu ríkisins, Skógræktinni (áður Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt), Skógræktarfélagi Íslands og Hekluskógum var falið að vinna að verkefnum um eflingu skógræktar og landgræðslu og auka við verkefni sem leiða til bindingar kolefnis í jarðvegi og gróðri. Til verkefna er ráðstafað alls 65 milljónum árið 2016. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. 10% fjárveitingar nýtist til að leggja mat á árangur aðgerða.

- Landgræðslan hefur úthlutað styrkjum í gegnum Landbótasjóð stofnunarinnar, til alls 27 verkefna. Áætlað er að unnið hafi verið að landbótum á um 1.000 ha lands.
- Innan Hekluskóga var einkum unnið að dreifingu á kjötmjöli blönduðu birkifræi á 30 ha svæði og gróðursetningu birkis í um 43 ha svæði.
- Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir gróðursetningum í um 8 ha landssvæði á Úlfjótavatni. Alls voru gróðursettar 226.000 plöntur á alls um 75 ha lands.

Næstu skref

Gert er ráð fyrir því að verkefni til eflingar landgræðslu og skógræktar verði með svipuðu sniði árið 2017, þ.e. að áhersla verði lögð á gróðursetningu trjáplanta og uppgræðslu.

Fjárframlög til verkefnisins

Til verkefnisins í heild er varið 65 m.kr. á ári í þrjú ár (2016-2018).

6. Endurheimt votlendis

Ábyrgðaraðili: Landgræðsla ríkisins

Tengiliður: Sunna Áskelsdóttir, Landgræðslu ríkisins og Björn Helgi Barkarson, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka líffræðilega fjölbreytni með endurheimt votlendis.

Staða verkefnisins

Umhverfis- og auðlindaráðherra fól Landgræðslu ríkisins umsjón með framkvæmd endurheimtar votlendis í samræmi við sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum með bréfi dags. 1. apríl 2016. Verkefni Landgræðslunnar eru eftirfarandi:

- Mótun verkferla og vinnulags við endurheimt votlendis að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna.
- Kynning verkefna á þessu sviði s.s. með vefsíðu.
- Frumkvæði að framkvæmd endurheimtar á landi í eigu ríkisins í samstarfi við Ríkiseignir og umsjónaraðila viðkomandi lands.
- Auglýsing og úthlutun stuðnings við framkvæmdir.
- Skipulag verkefna.
- Skráning og eftirlit verkefna.
- Ábyrgð á árangursmati.

Landgræðslan sendi tvo starfsmenn til Skotlands til að kynna sér framkvæmd og skipulag verkefna við endurheimt votlendis þar.

Mótaðar voru úthlutunar- og verklagsreglur og styrkir auglýstir opinberlega til endurheimtar votlendis. Alls hafa sjö endurheimtarverkefni verið samþykkt og er framkvæmd tveggja verkefna þegar lokið.

Næstu skref

Fundað hefur verið með Ríkiseignum þar sem farið hefur verið yfir jarðir í eigu ríkisins þar sem hægt væri að endurheimta votlendi. Nokkur vænleg verkefni hafa verið greind úr þeim upplýsingum og greiningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort farið verður í aðgerðir þar árið 2016.

Ekki hefur gefist tími til að vinna í kortasjá enn sem komið er og líklega bíður það þar til síðari hluta árs 2016 eða byrjun 2017.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins nema 20 milljónum á ári í þrjú ár (2016-2018).

Ítarefni

- Heimasíða Landgræðslu ríkisins: <http://land.is/endurheimt-votlendis/>
- Frétt af heimasíðu UAR um verkefnið: <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/endurheimt-votlendis-i-landi-bessastada-hluti-adgerda-i-soknaraaetlun-i-loftslagsmalum>

7. Átak gegn matarsóun

Ábyrgðaraðili: Umhverfisstofnun

Tengiliður: Gunnlaug Einarsdóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að draga úr matarsóun á Íslandi, bæði hjá heimilum og atvinnulífi.

Staða verkefnisins

Vitundarvakning er meginsteifið í verkefninu og hefur verið lögð áhersla á upplýsingagjöf og fræðslu til heimila, en almennt er talið að stór hluti matarsóunar á Vesturlöndum verði til þar. Einnig er lögð áhersla á að kortleggja hvernig matarsóun deilist niður á mismunandi hlekki í virðiskeðju matvæla á Íslandi, með því að sundurliða sóunina á mismunandi atvinnugreinum, auk heimila svo hægt verði að sjá hvar beri að leggja mesta áherslu á fræðslu og aðgerðir. Stefnt er að því að öllum verkþáttum sem skilgreindir voru fyrir árið 2016 verði lokið fyrir árslok. Staða einstakra verkþátta er eftirfarandi:

- Samstarfshópur um aðgerðir til matarsóunar fundar reglulega. Vefsíðan www.matarsoun.is var opnuð formlega vorið 2016 og er hún uppfærð reglulega.
- Gerð fræðsluefnis um uppruna og afleiðingar matarsóunar er lokið og er aðgengilegt á heimasíðunni.
- Rannsókn á umfangi matarsóunar á heimilum og fyrirtækjum á Íslandi er að ljúka og verða niðurstöður hennar kynntar í október 2016.
- Unnið var að fræðsluherferð um fyrningardagsetningar og geymslu matvæla í samstarfi Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Kvenfélagasambands Íslands. Fræðsluefni hefur verið útbúið, m.a. ísskápssegla um geymsluþolsmerkingar. Unnið er að dreifingu efnisins og er m.a. verið að skoða með dreifingu til grunnskóla, en þeir hafa sýnt efninu áhuga. Upplýsingarnar eru jafnframt á vefsíðu átaksins.
- Haldin var kynning á sýningunni *Saman gegn sóun*, í Perlunni 9.-10. september 2016. Þar var lögð áhersla á umfjöllun um matarsóun, plast, fatasóun og umhverfismerki.

Næstu skref

Verkefnahlutum ársins 2016 verður lokið á árinu og eftirfarandi hugmyndir verða þróaðar frekar og unnið að þeim á árinu 2017.

- Útfæra umhverfisvísa/árangursvísa fyrir matarsóun.
- Móta töluleg markmið fyrir matarsóun.
- Endurtaka könnun á viðhorfum almennings til matarsóunar (síðast gert í sept. 2015).
- Útbúa og dreifa fræðsluefni fyrir atvinnulíf og almenning varðandi matarsóun.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins nema fjórum milljónum á ári í þrjú ár (2016–2018). Auk þess lagði Umhverfisstofnun til 5,5 m.kr. árið 2016 og Evrópusambandið styrkti rannsóknir á matarsóun árið 2016 um 4,8 m.kr.

Ítarefni

- Vefsíða verkefnisins: www.matarsoun.is
- Umfjöllun RÚV um rannsókn á matarsóun (www.ruv.is/sarpurinn/ruv/frettir/20160909) og um sýninguna *Saman gegn sóun 2016* (www.ruv.is/sarpurinn/ruv/kastljós/20160912).
- Frétt af heimasíðu UAR: <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/syningin-saman-gegn-soun-opnud-i-perlunni>.

8. Kolefnisjöfnun

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Tengiliður: Björn Helgi Barkarson

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið þessa verkefnis er að stuðla að því að stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar leiti leiða til að kolefnisjafna það útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem athafnir þeirra valda, sé ekki möguleiki á að draga úr þeim með öðru móti. Þetta verkefni fellur jafnframt vel að þeim áherslum sem atvinnulífið hefur verið að setja fram á síðustu árum varðandi aukna samfélagsábyrgð fyrirtækja. Hér á landi er til viðurkenndur aðili sem býður fram þessa þjónustu á vegum Landverndar og Skógræktarfélags Íslands sem nefnist Kolviður

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Til þess að vinna að þessu setur verkefnið fram tvö markmið:

- Að Stjórnarráðið, þ.e. starfsemi ráðuneytanna verði kolefnisjöfnuð, samhliða því að leitað verður leiða til að draga úr losun þeirra. Þannig mun Stjórnarráðið leitast til að verða fyrirmynd að því sem gera megi annarsstaðar í rekstri ríkisins. Vinna þarf greiningu á þessu umfangi, bæði til þess að fá upphafsstöðu svo hægt sé að fylgst með þróun þessara losunar framtíðar.
- Að til verði greinargóðar leiðbeiningar fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um hvernig standa megi af kolefnisjöfnu

Staða verkefnisins

Ráðstafað verður 3 m.kr. til Kolviðar á árinu 2016 vegna kolefnisjöfnunar Stjórnarráðsins, sem á að jafna út losun á um 1.400 tonnum af CO².

Næstu skref

Ljúka greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Stjórnarráðsins til að geta sagt til um kolefnisjöfnun hvers árs.

Ræða við Kolvið og Festu

Fjárframlög til verkefnisins

Á árinu 2016 nema framlög til verkefnisins 3 m.kr.

Á grunni ítarlegri verkefnislýsingar verður ákvarðað um fjármuni til verkefnisins árin 2017 og 2018.

9. Stofnun alþjóðlegs jarðhitasambands - Global Geothermal Alliance

Ábyrgðaraðili: Utanríkisráðuneytið

Tengiliður: Benedikt Höskuldsson

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Í tengslum við 21. aðildarríkjaping loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna sem haldinn var í París í desember 2015 var formlega stofnað til Alþjóðlegs jarðhitasambands (e. Global Geothermal Alliance). Verkefnið er vistað hjá IRENA, alþjóðlegum samtökum um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa (e. International Renewable Energy Agency). Helstu markmið jarðhitasambandsins eru að halda á lofti mikilvægi jarðhita sem orkugjafa og að stuðla að aukinni jarðhitanýtingu á heimsvísu, bæði til húshitunar og raforkuframleiðslu. Enn fremur er lögð áhersla á að auka alþjóðlega fjármögnun til nýrra jarðhitaverkefna og stuðla að betra aðgengi þróunarríkja að alþjóðlegri fjármögnun.

Staða verkefnisins

Alþjóðlega jarðhitasambandið hefur formlega verið sett á laggirnar og kynning hefur verið haldin á megin markmiðum og áherslum sambandsins m.a. á alþjóðlegri jarðhitaráðstefnu í Hörpu í Reykjavík í apríl 2016. Vaxandi fjöldi ríkja hefur gerst aðili að sambandinu og þá hafa fyrirtæki og stofnanir jafnframt gerst aðilar. Á Íslandi eru eftirfarandi fyrirtæki aðilar að Alþjóðlega jarðhitasambandinu: ÍSOR, Orkustofnun og Íslenski jarðhitaklasinn.

Næstu skref

Koma á framfæri tillögu Íslenska jarðhitaklasans um gerð „best practice“ skýrslu fyrir aðildarríkin.

Fjárframlög til verkefnisins

Utanríkisráðuneytið veitti 100 þúsund Bandaríkjadala til IRENA á árinu 2015 sem eyrnamerkt var verkefnum stofnunarinnar á sviði jarðhitamála. Þar af var 30% eða 30 þúsund dölum varið til Alþjóðlega jarðhitasambandsins.

Ítarefni

- Heimasíða IRENA: www.irena.org
- UM stofnun jarðhitavettvangsins:
http://www.irena.org/EventDocs/GGA%20Joint%20Communique_COP21.pdf

10. Framlög til loftslagsvænnar þróunaraðstoðar – Landgræðsluskólinn

Ábyrgðaraðili: Utanríkisráðuneytið og Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Tengiliðir: Hafdís Hanna Ægisdóttir, Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Þórarinna Söebech, utanríkisráðuneytinu

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að undirbúa og halda fyrstu stuttu námskeið Landgræðsluskólans erlendis.

Markmiðið með stuttum námskeiðum í samstarfslöndum Landgræðsluskólans er að auka þekkingu á umhverfismálum til þess að stuðla að endurheimt vistkerfa, spornað sé við jarðvegseyðingu, stuðlað að sjálfbærri landnýtingu, loftslagsbreytingar mildaðar, fæðuöryggi aukið og dregið úr fátækt og hungri.

Fyrstu námskeiðin verða haldin í Úganda, mikilvægu samstarfslandi Landgræðsluskólans þar sem fyrir eru sterk tengsl við innlendar stofnanir og marga fyrrum nema skólans, sem aðstoðað geta við skipulagningu námskeiða og jafnvel kennslu.

Úganda glímur við mikla landhnignun og þar er mikil þörf á að byggja upp mannauð og að styrkja innlendar stofnanir til að takast á við þær áskoranir sem landið stendur frammi fyrir varðandi landnýtingu, landeyðingu og loftslagsbreytingar. Stefnt er að því að hvert námskeið vari í u.þ.b eina viku og að um 25 sérfræðingar, t.d. umhverfisfulltrúar sem starfa við héraðsstjórnir Úganda sækja námskeiðin. Námskeiðin fela í sér hagnýta þjálfun úti í náttúrunni í bland við fyrirlestra og verkefni. Markmið námskeiðanna kallast á við nokkur af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (e. Sustainable Development Goals).

Staða verkefnisins

Unnið hefur verið að undirbúningi fyrsta stutta námskeiðsins sem haldið verður í Kasese héraði í Úganda. Haldnir hafa verið nokkrir fundir bæði á Íslandi og í Úganda, þar sem m.a. var fundað með aðilum frá samstarfsstofnunum skólans, Makerere háskóla í Kampala og *National Environmental Management Authority* (NEMA). Í framhaldi af þessum fundum var skrifuð skýrsla um forsendur námskeiðshalds í Úganda, þar sem m.a. er fjallað um markhóp, samstarfsaðila og næstu skref.

Næstu skref

Í nóvember 2016 verður haldinn fundur í Kampala, höfuðborg Úganda, þar sem sex manna teymi sem sér um þróun námsefnis fyrir námskeiðin hittist í fyrsta sinn. Á mánuðunum sem á eftir fylgja, þ.e. desember, janúar, og febrúar 2017 mun sami hópur halda áfram með námefnis- og námsgagnaþróun og fyrsta stutta námskeiðið verður síðan haldið um mitt ár 2017, í Kasese-héraði í Úganda.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins eru 13 milljónir á ári í þrjú ár (2016-2018). Gert er ráð fyrir að hluti af fjárveitingu ársins 2016 verði nýttur árið 2017.

Ítarefni

- Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna: www.unulrt.is
- Hjá tengiliði verkefnisins má nálgast skýrsluna: *Capacity building training course on sustainable land-use, land restoration and its interrelations to climate change in Uganda*, en í skýrslunni má finna nánari lýsingu á forsendum verkefnisins.

11. Loftslagsverkefni á norðurslóðum – sótt- og metanmengun

Ábyrgðaraðili: Utanríkisráðuneytið, Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Tengiliður: Vanda Úlfrún Hellsing, Umhverfisstofnun; Tómas Orri Ragnarsson, utanríkisráðuneytinu og Stefán Einarsson, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að uppfæra tölur um mengun af völdum sóts og metans á norðurslóðum og samræma framsetningu gagna. Sérfræðingahópurinn vinnur að þessu verkefni og mun skila skýrslu með ráðleggingum og tillögum til ráðherra norðurskautsríkjanna átta á fundi þeirra í Fairbanks vorið 2017.

Staða verkefnisins

Forsaga verkefnisins er að á ráðherrafundi í Kiruna 2013 var ákveðið að stofna sérstakan vinnuhóp til að skoða hvaða leiðir væri hægt að fara til að minnka losun sóts og metans á norðurslóðum. Sá hópur skilaði skýrslu, *Enhanced Black Carbon and Methane Reductions – An Arctic Council Framework for Action*, á ráðherrafundi Norðurskautsráðisins í Iqaluit vorið 2015. Ákveðið var á þeim fundi að setja á stofn sérfræðingahóp til tveggja ára til að vinna nánar að tillögum í þessa átt og samræma gögn og tölur um útblástur þessara lofttegunda í ríkjunum átta. Umhverfisstofnun hefur unnið að því að bæta og auka við gögn um útblástur, sérstaklega sóts til að ná betur utan um mengun af þessum völdum á Íslandi.

Næstu skref

Sérfræðingahópurinn hefur fundað tvisvar og þriðji fundur hópsins verður í Washington í október 2016. Unnið er frekar að samræmingu gagna milli landa og að gerð skýrslunnar sem lögð verður fyrir ráðherra norðurskautsríkjanna árið 2017.

Fjárframlög til verkefnisins

Sérstök fjárveiting rennur til utanríkisráðuneytisins til að efla starf stjórnvalda að norðurslóðamálum og hefur þátttaka sérfræðinga Umhverfisstofnunar verið fjármögguð þaðan. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í frekari verkefni varðandi norðurslóðir undir hatti sóknaráætlunar í loftslagsmálum.

Ítarefni

- Skýrslu hópsins, *Enhanced Black Carbon and Methane Reductions – An Arctic Council Framework for Action*, er að finna á slóðinni: https://oarchive.arctic-council.org/bitstream/handle/11374/610/ACMMCA09_Iqaluit_2015_SAO_Report_Annex_4_TFBCM_Framework_Document.pdf?sequence=1&isAllowed=y

12. Græni loftslagssjóðurinn – framlög til loftslagsvænnar þróunaraðstoðar

Ábyrgðaraðili: Utanríkisráðuneytið

Tengiliður: Þórarinna Söbech

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Settir verða auknir fjármunir til Græna loftslagssjóðsins, auk þess sem áfram verða styrkt ýmis loftslagstengd verkefni og sjóðir sem varða þróunarlöndin, þ.á m. jarðhita-, landgræðslu-, sjávarútvegs- og jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, jarðhitasamstarf Íslands, Alþjóðabankans í Austur-Afríku o.fl.

Staða verkefnisins

Græni loftslagssjóðurinn, sem vinnur að markmiðum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, leggur áherslu á að styrkja verkefni sem tengjast þróun og yfirfærslu loftslagsvænnar tækni og þekkingar í þróunarlöndunum. Sjóðurinn er helsti þróunarsjóður í heiminum á þessu sviði og að honum standa 194 þjóðríki. Sjóðurinn vinnur bæði með opinberum aðilum og aðilum frá einkageiranum að margvíslegum umhverfistengdum verkefnum sem draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og auðvelda aðlögun vegna þeirra. Flest verkefni sjóðsins eru í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.

Næstu skref

Yfirsýn yfir þau loftslagsvænu þróunarverkefni sem Græni loftslagssjóðurinn styrkir og möguleg aðkoma að markmiðssetningu sjóðsins varðandi styrki, svo sem með áherslu á jarðhita.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög Íslands til Græna loftslagssjóðsins nema 200 þúsund Bandaríkjadöllum á ári næstu fimm árin, alls 1 milljón dala árin 2016-2020. Stefnt er að því að sjóðurinn verði helsti þróunarsjóður í heiminum sem styrkir loftslagstengd verkefni og eru áform um að bolmagn hans verði alls 100 milljarðar Bandaríkjadala árið 2020.

Ítarefni

- Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna: www.unugtp.is
- Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna: www.unuftp.is
- Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna: www.unulrt.is
- Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna: www.gest.unu.edu
- Græni loftslagssjóðurinn: <http://www.greenclimate.fund/home>
- Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands. www.iceida.is

13. Vísindaskýrsla um afleiðingar loftslagsbreytinga á Íslandi

Ábyrgðaraðili: Veðurstofa Íslands

Tengiliðir: Halldór Björnsson og Jórunn Harðardóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Vísindaleg úttekt á afleiðingum loftslagsbreytinga á náttúru, efnahag og samfélag á Íslandi verður tekin saman og gefin út haustið 2016. Stefnt er að því að skýrslan verði viðamesta úttekt á líklegum áhrifum loftslagsbreytinga til þessa. Sérstakur kafli verður í skýrslunni um súrnun hafsins og líklegar afleiðingar hennar.

Staða verkefnisins

Vísindanefnd um loftslagsbreytingar hefur hist fimmtán sinnum frá því í janúar 2016. Efni funda hefur snúið að skipulagi vinnu nefndarinnar og efnispáttum í nýrri skýrslu. Til að mæta gagnrýni á vinnu síðustu nefndar um ónægt samráð, var ákveðið að halda málstofur þar sem vísindamönnum yrði boðið að kynna rannsóknir tengdar loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Einnig voru sambærilegar málstofur haldnar með sérfræðingum frá innviðageirum s.s. varðandi samgöngur, orku- og tryggingamál). Vísindanefnd um loftslagsbreytingar skipa eftirfarandi: Halldór Björnsson, Ví, formaður; Brynhildur Davíðsdóttir, HÍ; Bjarni Diðrik Sigurðsson, LbHÍ; Jón Ólafsson, HÍ; Ólafur Ástþórsson, Hafró; Trausti Jónsson, Ví; Trausti Baldursson, NÍ. Ritari nefndarinnar er Snjólaug Ólafsdóttir, umhverfisverkfræðingur. Nefndin stóð fyrir sjö málstofum í febrúar og mars árið 2016 um eftirtalda þætti:

- Eðlisþættir (veður, jöklar, vatn, haf)
- Lífríki á landi
- Mótvegisaðgerðir
- Innviðir, fyrirtæki og fólk
- Innviðir, samgöngur, skipulag og orkuöryggi
- Lífríki í hafi og súrnun sjávar
- Framhald frá fyrri málstofum

Næstu skref

Síðan málsstofum lauk hefur nefndin unnið að skrifum upp úr efni frá málsstofunum. Ólíkir þættir skýrslunnar eru komnir mislangt, en gert er ráð fyrir að kaflar um eðlisþætti og lífríki geti farið til yfirlestrar hjá til þess bærum aðilum innan íslenska vísindasamfélagsins á næstu vikum. Kaflar um samfélagsþætti og innviði eru ekki jafn langt komnir.

Áætlað er að skila vísindaskýrslunni í kringum áramótin 2016 og 2017.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlag ríkisins til verkefnisins á árinu 2016 er 6 m.kr. Það framlag felur í sér kostnað við ritara skýrslunnar, uppsetningar- og prentkostnað og hluta af vinnu nefndarinnar. Umtalsverður hluti vinnu við skýrsluna mun hins vegar falla sem kostnaður á stofnanir einstakra nefndarmanna.

Ítarefni

- Síðustu skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi (frá 2008) má finna á slóðinni: https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/visindanefndloftslagsbreytingar.pdf

14. Aðlögun að loftslagsbreytingum

Ábyrgðaraðili: Veðurstofa Íslands

Tengiliðir: Halldór Björnsson og Jórunn Harðardóttir

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Aðlögun að loftslagsbreytingum snýst um að draga úr tjóni vegna líklegra breytinga og nýta þjóðinni til hagsbóta þær breytingar sem gefa tilefni til slíks. Sums staðar er þegar tekið tillit til breytinga á náttúruferli í framtíðinni, en það hefur ekki verið gert á heildstæðan hátt til þessa. Verkefnið mun felast m.a. í samhæfingu á rannsóknum og eftirliti á náttúruferlabreytingum, gerð sviðsmynda um líklega þróun loftslags á Íslandi og úttekt á aðlögunarþörf í samráði við hagsmunaaðila vegna afleiðinga loftslagsbreytinga hér á landi, svo sem breytinga á sjávarstöðu, gróðurferli og jöklum. Fagráð verður skipað til að tryggja samhæfingarhlutverk verkefnisins.

Staða verkefnisins

Búið er að vinna nákvæma endurgreiningu á veðri á Íslandi frá 1980 til 2015. Þessi gögn sýna loftslagsbreytingar síðustu áratuga í mun meiri smáatriðum en áður hefur legið fyrir, og eru undirstaða samanburðar fyrir núverandi loftslag og þess sem vænta má í framtíðinni.

Búið er að vinna úr sviðsmyndum af umfangi væntanlegra loftslagsbreytinga hér á landi, bæði með því að greina niðurstöður hnattrænna líkana og einnig niðurstöður staðbundinna líkana sem kvarða niður hin hnattrænu líkön. Yfirlit um líklega hlýnun og úrkomubreytingar liggur þegar fyrir en verið er að vinna nánari upplýsingar sem sýna hvernig þessar breytingar dreifast líklega um landið auk þess sem verið er að vinna upplýsingar um líklegar breytingar á þáttum þessu tengdu, s.s. kuldaköstum og úrkomutíðni.

Loks hefur verið unnið að mati á líklegri hækkun sjávarstöðu við Ísland og er þar byggt á úttekt Millirikjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) frá árinu 2013 auk sérþekkingar íslenskra jarðvísindamanna á aðstæðum hér á landi. Í sumar var lokið við útreikninga á þáttum sem tengjast breytingu á þyngdarsviði við Ísland vegna bráðnunar jökla, en slíkir útreikningar eru nauðsynlegir til þess að hægt sé að leggja mat á svæðisbundna þróun sjávarstöðu í okkar heimshluta.

Næstu skref

Í væntanlegri skýrslu vísindanefndar verður lagt mat á aðlögunarþörf vegna loftslagsbreytinga og munu þær niðurstöður einnig nýtast í þessu verkefni. Unnið verður áfram að þeim verkefnum sem hér eru nefnd að ofan auk þess sem aflað verður fleiri grunnupplýsinga sem eru nauðsynlegar við mat á aðlögunarþörf. Verið er að undirbúa ráðningu starfsmanns í fullt starf við þetta verkefni auk þess sem gengið verður frá skipun fagráðs síðar á árinu 2016.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins eru 15 m.kr. á ári í þrjú ár (2016-2018).

15. Bætt loftslagsbókhald og spár um losun og kolefnisbindingu

Ábyrgðaraðili: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Landbúnaðarháskóli Íslands

Tengiliður: Stefán Einarsson, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins er að bæta losunarbókhald Íslands, sérstaklega á sviði landnotkunar og kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi til að mæta nýjum og auknum kröfum í Parísarsamkomulaginu og í evrópskum reglum sem Ísland mun þurfa að taka upp. Þá þarf að gera reglulegar spár um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda samkvæmt nýjum kröfum loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Staða verkefnisins

Í júní 2016 var gerður samningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands, um aðkomu háskólans að loftslagsbókhaldi Íslands vegna Loftlagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Landbúnaðarháskólinn hefur sinnt bókhaldi um losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu koldíoxíðs í gróðri og jarðvegi vegna landbúnaðar og landnotkunar. Þessi þáttur loftslagsbókhaldsins krefst góðrar vísindalegrar undirstöðu og er góð þekking á þessu sviði innan skólans. Samningurinn mun gera skólanum kleift að efla þennan þátt í starfsemi sinni og bæta bókhald um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði og landnotkun.

Næstu skref

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur að skýrslu um möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Þegar skýrslan liggur fyrir, verður hægt að ráðast í verkefni um að gera spár um losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins nema 11,5 m.kr. á ári í þrjú ár (2016-2018).

16. Íslenskir jöklar – lifandi kennslustofa um loftslagsbreytingar

Ábyrgðaraðili: Veðurstofa Íslands og Vatnajökulsþjóðgarður

Tengiliður: Tómas Jóhannesson og Jórunn Harðardóttir, Veðurstofu Íslands, Þórður H. Ólafsson, Vatnajökulsþjóðgarði

Stutt lýsing á markmiðum verkefnisins

Markmið verkefnisins felst í að bæta vöktun á búskap jökla, en bætt vöktun getur skilað ávinningi varðandi nýtingu vatnsafls, eftirlit með náttúruvá og á fleiri sviðum. Í þessu verkefni er sérstaklega horft til þess að niðurstöðurnar verði gerðar sýnilegar og nýttar til fræðslu fyrir almenning, í ferðaþjónustu og sem framlag Íslands til alþjóðlegs samstarfs um mælingar á jöklabreytingum. Bæta á vöktun jökla á Íslandi m.a. með nýtingu reglulegra gervihnattamælinga og þátttöku í hnattrænu verkefni Alþjóða veðurfræðistofnunarinnar (WMO) um vöktun á jöklum, ís og snjó. Stefnt er að því að niðurstöður úr vöktun jökla verði gerðar sýnilegar m.a. í gestastofum þjóðgarða, sem myndu kynna jökla landsins sem eins konar siritandi mæla og lifandi kennslustofur um loftslagsbreytingar. Talið er að þessi tenging vísindalegrar vöktunar, fræðslu og ferðaþjónustu gæti vakið mikla athygli.

Staða verkefnisins

Verkþættir á Veðurstofu Íslands hafa verið skipulagðir með eftirfarandi hætti:

- Regluleg endurkortlagning jökla (samstarfsaðilar PGC, RH, DTU-Space, NERC o.fl.)
- Regluleg uppfærsla jökuljaðra (samstarfsaðilar GLIMS, norrænir samstarfsaðilar, JH, Náttúrustofa Suðausturlands, ýmsir áhugasamir nemendur og vísindamenn)
- Umsýsla sporðamælinga (samstarfsaðilar Jöklarannsóknafélagið, WGMS, Náttúrustofa Suðausturlands, ýmsir áhugasamir nemendur, vísindamenn, heimamenn, útivistarfólk)
- Þátttaka í Global Cryosphere (GCW) samstarfi Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO, ýmsar systurstofnanir á sviði jöklarannsókna erlendis)
- Afkomumælingar á Hofsjökli (samstarfsaðilar GCW, Landsvirkjun)
- Snjómælingar á hálendi Íslands (samstarfsaðilar GCW, Landsvirkjun)
- Túlkun afkomumælinga á jöklum (samstarfsaðilar GCW, Landsvirkjun)
- Líkanreikningar á hörfun jökla, fargbreytingum, landrisi o.fl. (samstarfsaðilar CSC, JH, Háskólinn í Uppsölum, o.fl)
- Undirbúningur sýningarefnis (í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð)

Vísindalegir verkþættir eru í vinnslu, m.a. hefur nýrra landlíkana af öllum jöklum landsins verið aflað í samstarfi við ArcticDEM verkefnið, sem styrkt er af bandaríska vísindasjóðnum.

Undirbúningur sýningarefnis er hafinn hjá Vatnajökulsþjóðgarði á grundvelli upplýsinga sem teknar voru saman á Veðurstofu Íslands og Náttúrustofun Suðausturlands og hafa þær verið sendar ýmsum aðilum til kynningar. Haldinn hefur verið fundur um sýningarþátt verkefnisins með heimamönnum á Höfn í Hornafirði og verður hann unninn í samráði við Náttúrustofu Suðausturlands og nokkra aðra aðila í héraði.

Næstu skref

Unnið verður áfram að rannsóknum á hörfun jökla og mörgum öðrum þáttum sem koma fram í lista yfir verkþætti hér að framan með það í huga að niðurstöðurnar nýtist sem sýningarefni. Í haust verður hafist handa við uppsetningu fyrstu merkinga á ummerkjum um stöðu jökulsporða, á grundvelli fyrirliggjanda hugmynda. Skipaður hefur verið sýningarstjóri, sem halda mun utan um þróun sýningarefnis á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs. Einnig hefur verið rætt við hönnuði sem kæmu að framsetningu sýningarefnis.

Fjárframlög til verkefnisins

Framlög til verkefnisins er 13 m.kr. á ári í þrjú ár til Veðurstofu Íslands (2016-2018) og 17 m.kr. á árinu 2016 til Vatnajökulsþjóðgarðs.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Október 2016